

Skólaráðsfundur 18. mars 2022

Mættir: Guðlaug, Ólafía, Signý, Dagbjört, Áshildur, Lovísa, Kristófer og Magnea.

Dagskrá:

- Skóladagatal næsta skólaárs - drög að skóladagatali sent í pósti á meðlimi skólaráðsins.
 - Fórum yfir skóladagatalið, Guðlaug fór yfir hvernig ferlið er varðandi að samþykkja dagatalið.
 - Þrír starfsdagar sameiginlegir með hverfinu,
 - 19. ágúst – viðtalsdagur og hugmyndin er að bjóða uppá hitting foreldra og nemenda sem eru að fá nýjan kennara, það er hægt að forma það eftir hentugleika. Aðilar sammála.
 - Skólasetning, þá er hugmyndin að halda áfram að vera með fullan dag. Aðilar sammála. Spurning með unglingana, er kannski betra að hafa bara skólasetningu svo þau geti hist og átt stund saman áður en skólinn byrjar – skoða þetta vel. Rætt um að mögulega mætti nýta viðtalsdaginn 19. ágúst í slíkt.
 - Tankadagurinn er í september, gestir frá OR hafa komið annað hvert ár og eiga þeir að koma í ár. Stöðvar og stemmning þennan dag. Dagurinn hefur verið í október en ákveðið var að færa hann frammar bæði vegna veðurs og UTÍS fyrir kennara.
 - Viðtalsdagar: spurning að breyta skipulagi þeirra... spurning að hafa hópa og bjóða upp á spjall. Hugmynd: nemendastýrð þar sem nemendur fá að sýna námið sitt og fleira – flestum finnst það skemmtilegt. Annars eru viðtölin líka mjög mikilvæg. Minna hægt að ræða saman í viðtölum á unglingastigi þar sem þar er faggreinakennsla. Gott að skólinn sendi póst og útskýri fyrirkomulag viðtala á unglingadeild og á móti að foreldrar sendi jafnvel póst fyrir viðtöl ef þau vilja spyrja að einhverju sérstöku. Ræddum aðeins valið á unglingadeildinni, svolítið erfitt að fá það sem þau velja. Spurning að hafa bundið val alla unglingadeildina, eins og t.d. heimilisfræði. Við hvetjum krakkana til að koma til okkar og ræða málin (nemendalýðræði). Oft er hægt að breyta og bæta og svo er fjölbreytt hvað er hægt að gera, t.d. meta tónlistarnám, íþróttir, taka einingar í framhaldsskóla, fara á námskeið í öðrum

skóla og fleira. Spurning hvort við fáum Guðbjörgu á næsta fund og ræða valið ef við viljum.

- 2. nóvember er skertur dagur, vegna Austur-Vestur. Allir þrír skólarnir eru með skertan dag og halda áfram þróunarstarfinu.
- 25. nóvember er starfsdagur með hverfinu. Námskeið og jólagleði starfsmanna.
- Litlu jólin verða 19. desember (sameiginlegur með hverfinu) – það verða bara litlu jól og skertur dagur
- 7. febrúar er viðtalsdagur. Kennarar óskuðu eftir því að seinka þessu viðtali (var alltaf í janúar). Nú gerum við ekki upp annir heldur er skólaárið metið sem heilt ár.
- Öskudagurinn gengur alltaf vel og yfirleitt allir glaðir og standa sig vel.
- Vetrarleyfi eru dagar sem borgir úthlutar okkar.
- Starfsdagurinn 20. mars er hugsaður sem undirbúningur fyrir Gleðivíkuna
- 19. maí er sameiginlegur dagur í hverfinu og er hugsaður fyrir undirbúning fyrir skólalok
- 6. – 7. júní eru skertir dagar.
- Afmælishátíð og gleði/þemadagar vorið 2022
 - Við færðum hana fyrir unglिंगana þar sem nokkrir eru úti í verkefni. Gleðivíkan verður s.s. í lok apríl og árs hátíð fyrir þau. Afmælishátíð verður þá haldin samhliða þessu... 5. maí verður opið hús fyrir foreldra og fleiri. Fullur skóladagur og svo kíkja nemendur með fjölskyldu um kannski kl.17.
- Skólastarfið og áherslur
 - Erum að ljúka við þróunarverkefnið okkar Austur Vestur en munum halda áfram að vinna með það í skólakerfinu.
 - Erum að fara á framhaldsnámskeið í Uppeldi til ábyrgðar í Kanada í vor.
 - Nokkrir unglingar eru í eRasmus verkefni og eru erlendis núna. Við tökum á móti hóp í þar næstu viku. Þetta hefur gengið mjög vel og eru nemendur að standa sig vel. Þemað í ár eru loftlagsmálin... mjög skemmtilegt en líka mikil vinna.
- Önnur mál
 - Virkja bekkjarfulltrúa og spurning að óska eftir að þeir geri eitthvað með krökkunum í „þungum“ mánuðum.

- Þorablóts-pálínuboð...af hverju er það hætt? Þetta var eiginlega bara í tengslum við þemað Ísland áður fyrr í 3. bekk. Hugmynd að unglingarnir komi með eitthvað að smakka og þau geri svolítið úr þorablótinu. Unglingarnir eru mjög virkir og duglegir í nemendaráðinu að biðja um að gera eitthvað saman... spurning að virkja líka 8. og 9. bekkinn með 10. bekkinn. Bíókvöld í næstu viku.
- Væri gaman að taka upp „hefðina“ að hafa alls konar daga síðasta föstudag í hverjum mánuði.
- Gaman væri að hafa daga sem tengjast þörfunum í Uppeldi til ábyrgðar. Allur skólinn var að vinna að því sama á sama tíma.
- Hvenær fara skólaráðskrákkarnir í bekkina og kynna þeim? Nú getum við farið að skipuleggja það og við stefnum á það að þau fari inn í bekkina í næstu viku.
- Við höldum dagskránni fyrir skólaráð, þ.e. næsti fundur er þá 1. apríl og sá síðasti er 13. maí.
- Fulltrúar foreldra í skólaráði að hitta fulltrúa foreldrafélagsins – gott ef þeir myndu hittast sem fyrst.
- Barnamenningarhátíðin leggur áherslu á þetta hverfi – það verður tónlistargjöfningur frá 5. og 6. bekk um heimsmálin. Nemendur í 4. bekk verða með sýningu, þau unnu ljóð. Nemendur í 1. bekk eru að gera matarlistarverk úr leir.
- Kling og bang verkefni sem okkur var boðið að taka þátt – 5 .bekkur mun taka þátt í því eftir páska.